

Fundur í stjórn foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Fundur haldinn þann 8. mars kl. 17:30 í Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins: Svana M. Davíðsdóttir, Sonja Bergmann, Davíð S., Ólafía Harðardóttir, Haukur Hauksson, Guðrún Björg Karlsdóttir og Rakel Viðarsdóttir.

Fundarstjóri: Svana. M. Davíðsdóttir.

Fundarritari: Guðrún Björg Karlsdóttir.

1. Fundargerðir síðustu funda samþykktar.
2. Fræðslufundur um kvíða á vegum Hugarfrelsis haldin í febrúar. Mæting góð og almenn ánægja með fundinn. Foreldrafélagið skoðar að að halda námskeið fyrir nemendur og kennara næsta vetur. Ákveðið að kaupa bókina Verum vinir fyrir tvær bekkjardeildir í Mýrarhúsaskóla. Bókin er til þess fallin að efla félagsfærni barna, hjálpa þeim að eignast vini og viðhalda vináttu og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
3. Bréf frá Tónlistarskólanum. Tímar þar skarast við kennslu í skólanum. Málið verður rætt á skólanefndarfundi 15. mars n.k.
4. Fundur með bæjarstjóra sem er fyrirhugaður á vordögum. Hugmynd að ræða umferð, lýsingu og hraða við gangbrautir. Ræða málefni Skjólísins.
5. Handbók foreldrafélagsins. Hugmynd viðruð að útbúa sérstaka handbók um starfsemi og hlutverk foreldrafélagsins.